



Reykjavík, 7. mars 2019  
R11060102  
6610

Umhverfis- og skipulagssvið  
Örn Sigurðsson  
Borgartúni 12-14  
105 REYKJAVÍK

### ***Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030 - Sundahöfn***

Á fundi borgarráðs þann 7. mars 2019 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 20. febrúar 2019, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 20. febrúar 2019 á tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 vegna landfyllingar við Klettagarða við Sundahöfn, ásamt fylgiskjölum.

Borgarráð samþykkti erindið.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingar, Vinstri grænna, Pírata og Viðreisnar fela umhverfis- og skipulagssviði að setja inn eftirfarandi þætti/skilmála við vinnu deiliskipulags í kjölfar breytinga á aðalskipulagi við Sundahöfn er varðar landfyllingu í nágrenni við Laugarnestanga: - Ásýnd og útsýni frá Laugarnesi til Viðeyjar verði eins lítið raskað og hægt er. Síðasta upprunalega strandlína í Reykjavík sem vísar í norður vestan Elliðaána er á Laugarnesi og taka þarf tillit til þess við útfærslu og hönnun á landfyllingu sem komi í beinu framhaldi. - Fuglalíf á svæðinu verði vaktað bæði á meðan framkvæmdir standa yfir og eftir. - Unnið verði sérstaklega með útivist á svæðinu og göngutengingar. - Sjóvarnargarðar verði mótaðir með tilliti til ásýndar og á eins náttúrulegan hátt og kostur er. - Unnið verði sérstaklega með gróður og blágrænar ofanvatnslausnir. Mikilvægt er að landfyllingin og öll uppbygging á henni taki mið af verndar- og minjasvæði Laugarnestanga og að útivistargildi svæðisins aukist.

Helga Björk Laxdal  
e.u.